

Ed.

43. Frumvarp til laga

[32. mál]

um breyting á póstlögum, nr. 31 1940.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

Við 9. málsg. 17. gr. laganna bætist svofelldur málsliður:

Þó getur viðtakandi, ef hann óskar þess, haldið eftir álimdum frimerkjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

Greinargerð.

Næstsiðasta (9.) málsg. 17. gr. póstlaga er orðuð þannig: „Eyðublöð, sem keypt eru, verða ásamt frimerkjum fyrir burðargjaldi sendingarinnar eign póststjórnarinnar, um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð.“

Það ákvæði þessarar greinar, að póststjórnin fái endurgjaldslaust til eignar frimerki, sem hún þegar hefur selt fullu verði, sætir stöðugt mikilli gagnrýni. Notuð álimd frimerki eru verðmæti, sem mörgum er ekki sama um. Flestum mun finnast þetta ákvæði ekki aðeins óeðlilegt, heldur líka ranglátt. Það nær til frimerkja á fylgibréfum högglaþósts, póstkröfum og póstávisunum, m. ö. o. til þeirra frimerkja, sem mest verðgildi hafa til söfnunar. Verðminni frimerkjum sendibréfa og annarra léttra póstsendinga fær viðtakandi að halda óáreittur. Verðmætum frimerkjum, þannig fengnum, safnar póststjórnin síðan saman og selur söfnurum við „sanngjörnu“ verði. Þá hefur hún tviselt sama hlutinn án þess að hafa greitt hann nema einu sinni. Þessi viðskiptaháttur, leyfður með lögum, hefur mörgum leikmanninum blöskrað og honum orðið á að spyrja, hvort þetta samrýmist stjórnarskrá landsins.

Með frumvarpinu er farið fram á, að þetta hæpna og óvinsæla ákvæði verði niður fellt úr póstlögum, og er þó ekki gengið lengra en svo, að þeir, sem þess óska beinlínis, fái að halda tilsendum frimerkjum sínum. Komi engin slík ósk fram, getur póststjórnin eftir sem áður eignað sér hin notuðu frimerki.

Ágóðanum af síðari sölu þessara frimerkja mun að vísu vera vel varið, þar sem póstmannasjóður nýtur góðs af. En jafnvel sú ráðstöfun fjárens getur ekki réttlætt hið leiða lagaákvæði. Verði það fellt í burtu, þarf að tryggja sjóðnum fullar bætur, sem þá séu fengnar með sómasamlegum hætti. Hlýtur einhver leið að finnast til þess.